



THE NATIONAL FILM ARCHIVE OF ICELAND • CINEMATEK

Vesturgata 11 - 13 • 220 Hafnarfjörður • Iceland

Tel +354 565 5993 • Fax +354 565 5994

kvikmyndasafn@kvikmyndasafn.is • www.kvikmyndasafn.is

Alþingi
Erindi nr. **P** 126/964
komudagur 19.1.2001

Menntamálanefnd Alþingis
Alþingi v/Austurvöll
101 Reykjavík

18.1.2001

Þann 18. desember síðastliðinn barst undirrituðum Frumvarpi til laga um safnalög. Fagnar undirritaður þessu frumvarpi, sem auka mun á ábyrgð þeirra aðila sem að safnastarfi standa.

Ein megin athugasemdin sem undirritaður hefur snýr að stöðu Kvikmyndasafns Íslands innan þess ramma sem löginn skapa, en ekki er gert ráð fyrir að safnið sé skilgreint sem höfuðsafn. Í athugasemdunum sem fara hér á eftir er lagt til að svo verði gert og er þá tekið mið af vaxandi hlutverki safnsins á sviði söfnunar kvikmynda og ljósvakaefnis á næstu misserum. Kvikmyndasafn Íslands er landssafn og með skilgreindar safnadeildir sjónvarpsstöðva, útvarpsstöðva og safnadeildir fyrirtækja sem undirsöfn.

Önnur megin athugasemdin sem undirritaður hefur við þetta frumvarp er að sérsöfnum eins og Kvikmyndasafni Íslands er ekki veittur aðgangur að safnasjóði sem fjallað er um í 10.gr. heldur einungis þeim söfnum sem heyra undir höfuðsöfnin þrjú. Ekki verður séð hvaða rök mæla með því.

Eftirfarandi eru athugasemdir við drögin:

1gr.

Engar athugasemdir.

2.gr.

Lagt er til að Félag íslenskra safnmanna skipi 2 fulltrúa í safnaráð í stað eins. Félagið sameinar faglegt starfsfólk og stjórnendur þeirra þriggja safnasviða sem löginn byggja ramma um. Mikilvægt er að í safnráði séu faglegir aðilar vegna þess starfs sem ráðinu er ætlað þ.e. að vinna að "mörkun stefnu og gera langtímaáætlun um starfsemi lista- og minjasafna" eins og segir í 3. gr.

3.gr.

Engar athugasemdir.

4.gr.

Lagt er til að gerðar verði breytingar á eftirfarandi í greininni "Safn [...] hefur það hlutverk að safna efnislegum heimildum, [...]" Orðið "efnislegum" er þröngur skilningur

4.gr.

Engar athugasemdir.

5.gr.

Kvikmyndasafn Íslands sinnir á sínu safnasviði söfnun á kvikmyndum og er því miðstöð safnastarfsemi á sínu sviði. Í frumvarpi um skilaskyldu, sem liggur fyrir í drögum í menntamálaráðuneytinu, er lagt til að Kvikmyndasafn Íslands verði skilaskyldusafn, sem mun auka enn á mikilvægi stofnunarinnar á kvikmyndasviðinu, en jafnframt á sviði ljósvakamiðla eins og útvarps. Í ljósi þess er lagt til að Kvikmyndasafn Íslands verði bætt við þessa grein og skilgreint sem höfuðsafn á sviði kvikmynda og ljósvakaefnis. Á sviði Kvikmyndasafns Íslands starfa m.a. safnadeildir ljósvakamiðlanna og hefur tilgreindar skyldur gagnvart þeim. Lagt er til að eftirfarandi verði bætt við í greinina: “Kvikmyndasafn Íslands er höfuðsafn á sviði kvikmynda- og hljóðefnis. Kvikmyndasafn Íslands skal vera miðstöð söfnunar, skráningar, varðveislu, rannsókna og miðlunar á íslensku kvikmynda- og ljósvakaefni.”

6.gr.

Engar athugasemdir.

Spurning er hins vegar hvort að ekki megi styrkja enn frekar sértekjumöguleika safna með sérstöku undanþáguákvæði skattalaga er varðar virðisaukaskattgreiðslur af sölu myndefnis og hljóðefnis úr söfnum. Slíkt fyrirkomulag myndi auka sértekju safna sem og örva notkun á menningararfi þjóðarinnar. Athygli er vakin á því að aðgangseyrir safna er undanþeginn virðisaukaskatti.

7.gr.- 9.gr.

Engar athugasemdir.

10.gr.

Undirritaður fagnar þessum ákvæðum, sem auka mun faglega stjórnun safna, bæði af hálfu forstöðumanns/safnstjóra og stjórna safna.

Sérsöfnum í eigu ríkisins eins og Kvikmyndasafni Íslands er ekki veittur aðgangur að safnasjóði sem fjallað er í þessari grein heldur einungis þeim söfnum sem heyra undir höfuðsöfnin þrjú. Ekki verður séð hvaða rök mæla með því, nema til komi sérstakt átak í því að bæta aðstæður þessara safna.

Í lið 6 stendur: “Safnið skal skrá safngripi eftir viðurkenndu skráningarkerfi”. Spurning er hvar mælistikuna á “viðurkennt skráningarkerfi” er að finna. Hér þarf frekari skýringa við.

11.gr. – 14.gr.

Engar athugasemdir.

Virðingarfyllst,


Sigurjón Baldur Hafsteinsson, safnstjóri